

Fyrir árið 2018 eru eftirfarandi verkefni áætluð fyrir Patrekshöfn og Bíldudalshöfn:

Hreinsun strandlengju

Fjöruhreinsun á Rauðasandi í samstarfi við Umhverfisstofnun. Markmiðið er að hreinsa plast og rusl úr fjörunni og með því efla umhverfisvitund þáttakenda.

Í kjölfarið verður þeim veiðarfærum sem finnast sett í gám og gefið til sjómanna ef þeir geta endurnýtt hluta af þessum veiðarfærum. til dæmis plast belgi, kúlur og fleira.

Verður auglýst sérstaklega í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Fyrir hverja: Sjálfbóðaliðar og notendur hafnarinnar

Fræðsla um plast í sjónum ásamt notkun á umhverfisvænum hreinsiefnum fyrir báta.

Fræðslufundur um palst í sjónum og nauðsyn þess að koma með allt að landi. Ásamt almennri umgengni um hafið. Fulltrúi frá Umhverfisstofnun mun sjá um fræðsluna.

Verður auglýst sérstaklega.

Fyrir hverja: Sjómenn, bátaeigendur og aðrir áhugasamir.

Vísindaferð með börnum

Þjóða upp á ferð skólakrakka á höfnina þar sem nemendur frá fræðslu um lífríki hafsins með áherslu á þær fisktegundir sem koma að landi á höfninni.

Samvinna verður við Odda hf og þar fá krakkarnir að fara inn og skoða vinnslu á fiski.

Fyrir hverja: Nemendur í Patreksskóla á yngsta stigi á Patrekshöfn og nemendum Bíldudalsskóla yngsta stigi á Bíldudalshöfn.